

Umsókn um framkvæmdaleyfi

17.3.2021 17:21

Almennar upplýsingar:

Nafn Skrifstofa Framkvæmda Og Viðhalds

Erindi nr. P-2021-03-17-0066

Kennitala /892253/

Heimilisfang Borgartúni 12-14

Póstnúmer 105

Símanúmer [REDACTED]

Netfang [REDACTED]

Nafn forsvarsmanns (ef um fjöleignarhús er að ræða) -

Greiðanda kenittala

Greiðanda nafn

Greiðanda netfang

Framkvæmdasvæði

Heimilisfang/lóðarheiti Eiðsgrandi til móts við Keilugranda, vestan megin við dælustöð

Lýsing á framkvæmd

Merkið við undir hvaða flokkun framkvæmdin fellur. Ef ekkert á við veljið á "Annað" og útskýrið nánar í textasvæðinu.

Uppsetning á listaverki skv. meðfylgjandi teikningum. Rætt hefur verið við BIE og talið ljóst að staðsetri við gildandi deiliskipulag, enda staðsetning listaverksins nánast því á þeim stað sem útsýnisstaður er s deiliskipulagsuppdættinum. Byggingarfulltrúi hefur staðfest að ekki sé þörf á byggingarleyfi fyrir listave af dómnefnd að undangenginni samkeppni sem haldin var í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og ver sem hugmyndin var kosin í hverfakosningu.

Er framkvæmd í í samræmi við deiliskipulag? Já

Framkvæmdalýsing:

Áætlað er að listaverkið verði steipt á staðnum. En þó er í skoðun að hvort hentugra sé að steypa það innandyrá og flytja það á staðinn.

Framkvæmdaáætlun Áætlað er að framkvæmdir hefjist í maí og verði lokið á 2-3 vikum, þ.e. með öllu s.s. yfirborðsfrágangi.

Fylgigögn umsóknar

Með umsókn um framkvæmdaleyfi skulu fylgja eftirtalin gögn :

Lýsandi nafn skjals Presentation_110221.pdf

Lýsandi nafn skjals Progress_timeline_110221.pdf

Lýsandi nafn skjals Sjavarmal_greinargerð.pdf

SJÁVARMÁL

Sjávarmál snýr að samskiptum okkar við náttúruna og þeim breytingum sem eru að verða á henni.

Áður fyrr gekk fólk í takt við náttúruna. Sjómenn horfðu til hafs, lásu í öldur og túlkuðu skýjamyndanir. Þetta var gert áður en róið var út. Bændur fylltu heilu bókahillurnar af dagbókafærslum um veðrið enda valt góð uppskera á hagstæðu veðurfari. Með öðrum orðum, við hlustuðum á náttúruna og náttúran svaraði.

Hljóðspeglar (acoustic mirror) voru notaðir í heimstyrjöldinni fyrri til að hlusta eftir óvinaflugvélum sem nálgudust strandlínuna. Kúpt skál í steiptum strúktúr safnar hljóði í brennipunkt og magnar upp fyrir þann sem stendur fyrir framan skálina. Speglnir mögnuðu upp hljóðin í aðvífandi orrustuvélum og gáfu þeim sem vörðust aukinn viðbragðstíma til að kalla út varnir.

Váin í dag er annars eðlis. Aukið CO₂ í andrúmsloftinu breytir eðli hafsins. Á næstu 80 árum er talið að sýrustigið muni breytast meira en á síðustu 50 milljón árum. Tvítug manneskja í dag mun upplifa meiri breytingar í hafinu en sést hefur í tífoldri þróunarsögu mannsins. Á sama tíma er talið að yfirborð hafsins muni hækka um 70 cm vegna bráðnunar jökla. Hitastig hafsins breytist sem gæti leitt til breytinga á hafstraumum. Á jarðsögulegum skala eru breytingarnar á hraða orrustuþotu, einhverra hluta vegna hafa viðbrögð mannsins verið ógnarhæg. Við þurfum að nema staðar og hlusta á hafið.

Í listaverkinu Sjávarmáli er þessi gamla hljóðmögnunaraðferð nýtt til þess að magna upp hljóðin í hafinu. Hljóðspegillinn vísar með skálina í átt að sjóndeildarhringnum og þáttakandinn situr eða stendur fyrir framan verkið og hlustar. Á bakhlið verksins eru greipt öll samheiti sem Íslendingar hafa notað fyrir hafið og minnir okkur á 1000 ára samskipti okkar við útsæinn.

Sjávarmál er samskiptatæki við náttúruna sem virkjar öll skynfærin. Verkið þjónar tilgangi sem skjól, íhugunar og hvíldarstaður. Titill verksins hefur þrískipta merkingu. Hann vísar í mál hafsins sem okkur er gert að hlusta á. Hann vísar í hækkandi sjávarmál sem okkur er gert að fylgjast með og að lokum vísar titillinn í hafið sem mikilvægan málaflokk sem okkur ber að ræða. Sjávarmál er því eins konar óður til hafsins og ákall til okkar um að hlusta á hafið.

Staðsetning

Vesturbærinn er umkringdur hafi. Þetta var kveikjan að verkinu. Hafið er órjúfanlegur hluti vesturbæjarins og nálægð hafsins er áþreifanlegt í formi iðnaðar, náttúru, dýralífs og veðurfars. Ákjósanlegasta staðsetning verksins þótti okkur vera Ægissíðan þó að margar aðrar hafi komið til greina (sjá kort). Nálægðin við hafið, víðáttan, kyrrðin, umferð gangandi vegfarenda ýtir allt undir og styrkir upplifun verksins. Löng gönguleið í kringum Seltjarnarnes virkar sem eins konar aðdragandi eða uppbygging að verkinu. Sjávarmál verður hluti af strandlengjunni og öfugt.

Aðferð og Efniskennd

Verkið er staðsteypt úr dökkri steypu. Grafin er tóft þar sem verkið mun standa og steypu hellt ofan í (sjá sneiðmyndir). Steypan fær að renna yfir óreglulegan jarðveginn líkt og sjór sem leggst yfir sjávarbotninn. Mótum er slegið upp fyrir hliðarnar. Verkið rís úr jörðinni og tóftin er fyllt aftur með mól. Hlið sem snýr að hafi er vatnssorfin, hún hefur rennislétta áferð og fægða líkt og veðraður strandsteinn.

Formgerð

Formið stingur í stúf við umhverfið í sínu brútalísku formgerð en um leið minnir það á og er í samhljómi við önnur mannvirki sem voru reist á þessum slóðum. Loftvarnarbyrgi á Seltjarnarnesi, herminjar í Öskjuhlíð og Reykjavíkurflugvelli og gamlir bryggjustöplar.

Verkið samanstendur úr þremur einföldustu grunneiningum byggingarlistar: Prep, gólfflötur og veggur. Veggurinn skýlir og aðskilur. Hann skýlir þáttakandanum fyrir veðri og vindum og dökk steypa hlýjar. Veggurinn aðskilur hafið og borgina en í stærra samhengi, hið manngerða og hið náttúrulega, þrepin leiða þig upp á flötinn sem gerir flötinn jafnt að gólfi sem og bekk. Flöturinn jarðtengir vegginn og gefur verkinu festu. Á fletinum geturðu setið eða staðið og þannig stýrt hljóðáhrifum skálarinnar sem setur mark sitt á vegginn og gefur verkinu stefnu út á haf.

Hlið sem snýr að borginni er óregluleg, hljóðdempandi og grófkorna. Á bakhlið verksins eru greypt öll samheiti sem Íslendingar hafa notað fyrir hafið:

Austurleið Berjalögur Bif Bláröst Dröfn Eybaugur Eygarður Eyjarband Eylúður Eymylvir Eystrasalt Fararpollur Farland Flugleiðir Flæði Fyllur Geimi Geimur Gnat Grófsalt Gymir Gýmir Haugasjór Húm Landgarður Lá Leið Leiðir Loftleiðir Lýslóð Lögur Lögurinn Mágrund Mávangur Oturheimur Pollur Pollurinn Salt Samur Selta Seltumælir Seltustig Simi Sílægja Sjávarheiði Sjór Skerfold Skerjörð Sogn Sognsær Spennivídd Súgur Sægjum Sægur Sær Vast Vatnspollur Vengi Ver Víðir Vægir Vöst Ægir Ægisjór Ögur

Á koparplötu á hljóðspeglinum stendur eftirfarandi:

Sjávarmál

Hér er hljóðspegill sem magnar ölduhljóðin og hvetur þig til að hlusta. Ef fram fer sem horfir mun sýrustig hafsins breytast meira á einni mannsævi en síðustu 50 milljón ár. Yfirborð hafsins mun rísa vegna bráðnunar jökla. Hitastig sjávar mun hækka hraðar en áður hefur þekkt, þá færast margar tegundir og sumar farast. Ekkert af þessu er óhjákvæmilegt ef þú hlustar á sjávarmálið.

Ágúst 2020

pH gildi 8.0


Tíma/verk og verðáætlun

2020	JÚNÍ				JÚLÍ				ÁGÚST				SEPTEMBER				OKTÓBER			
Útfærsla fyrir smíði teiknivinna og heppileg lóð fundin																				
Undirbúningur smíði fundir, mælingar og jarðnám á byggingarstað með verktaka																				
Steypuvinna Mótagerð og járnbinding, steypu hellt (samkvæmt áætlun verktaka)																				
Frágangur og landslag Stígur að verki og frágangur kringum verk																				

ÚTGJÖLD	KOSTNAÐUR
Höfundarlaun - Vinna Tillögugerð: Hugmyndavinna, Hönnun, útfærsla deilist í þrennt	1.800.000 + vsk
Útfærsla - Vinna Undirbúningur á lóð, útfærsla og smíðateikningar arkitekts og verkfræðings, fundir og eftirfylgni með verktaka 64 klst	832.000 + vsk (áætlun umsækjanda)
Steypuverktaki - Vinna og efni járnbinding, efni mótagerð og steypun, flutningur, frágangur	956.000 + vsk (samkvæmt tilboði frá verktaka)
Frágangur - Vinna og efni málarstigur, jarðvegur/möl, þökur frágangur á lóð 32 klst	356.000 + vsk (samkvæmt áætlun umsækjanda)
SAMTALS	3.944.000 + vsk




SJÁVARMÁL



Skýringar:

- 10°

Hnitpunktur - leiðbeinandi
- Þekking, ný
- Grjótrönd meðfram sjóvarmargarði
- Malbik
- Malaryfirborð



S:\019\192926_BSS\Teikniböð\Verkhönnun\01 Vesturbær\19292-LA-V-G-1.12.dwg

ÚTG	DAGS	SKÝRINGAR	TEIKN	HANN	RÝNT	SAMP
0	10.02.2021	Verkhönnun	ácg	ácg	váá	

VSÓ RÁÐGJÖF

www.vso.is - sími: 585 9000



Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Sími: 411 1111

HVERFIÐ MITT 2020 - VESTUR

List í almenningssými

Grunnmynd

Mælikvarði: 1:200 (A1)

Teikn. nr.:

Útg.:

Dags: 10.02.2021

1.12

0





SITE



SITE





3D SKETCHES





ECOGRID



SOUND



STRUCTURAL



Conclusions

Stresses	Value
Moments	19 kNm
Shear	25,3 kN/m

MBRC Calculation

stRuc FRC structural design to FIB Model Code 2010 - ConCribE 2018 - www.ConCribE.com					
Project	RT20210115		Dimensions		
Date	15/01/2021				
Name	KUNSTISLAND				
Part	WALL				
Fibre material	Synthetic		Thickness of concrete section h	100 mm	
Fiber type	MiniBars 43 BF		Width of concrete section b	3,00 m	
Dosage rate	10	kg/m3	Concrete cover:	25 mm	
fr _f /f _{r1}	0,93		Rebar diameter:	None mm	
Residual strength class	c		Rebar tensile strength:	Mpa	
fr ₁ /f _l	0,70		Concrete comp. strength at loading	35 Mpa	
FRC substitution validation	Fulfilled		Spacing:	mm	
Constitutive law	Post-crack softening		Concrete pouring	flat poured concrete	
Effect of fibre orientation	Favourable		Orientation factor K	1	
Mrf _{tu}	19,59 kNm		Moment FRC ult	at 2,5 mm cw	Linear model
Vrft _u	57,29 kN		Shear resistance FRC ult	ep	o,1

CONCLUSION AT ULS

Design is valid for the following:

Fibertype	Minibars 43
Dosage rate	10 kg/m ³
Concrete grade	C35/45



TIMELINE / PROGRESS